

Ed. 599. Frumvarp til laga [227. mál]

um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 470 með þessum breytingum:

Eftirfarandi tollskrárnúmer í 1. gr. hljóða svo:

06.02	09	Annað	40%
09.02	00	Te	50%
09.03	00	Maté	50%
12.03	09	Annað	20%
13.03	02	Lakkrisextrakt í 4 kg blokkum eða stærri og fljótandi lakkris- extrakt á 3 lítra ílátum eða stærri	40%
15.07	83	<i>Jarðhnetuolía</i>	30%
	89	<i>Kókosolía</i>	30%
	91	<i>Pálmakjarnaolía</i>	30%
15.12	01	Úr jurtaríkinu	30%
17.01	25	Púðursykur	0
20.07	02	Óáfeng vín, samkvæmt nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjár- málaráðuneytisins	60%
39.01	06	Limbönd (tape)	35%
39.02	06	Limbönd	35%
39.03	26	Limbönd	35%
39.05	03	Limbönd	35%
48.07	25	Limbönd	30%
48.16	02	Pappírspokar margfaldir til umbúða, að flatarmáli 0,2 m ² og þar yfir útflattir, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjár- málaráðuneytisins	15%

84.11	Loftdælur, undirþrýstingsdælur, loft- og gasþjöppur (þar með taldar hreyfildælur og hverfildælur, hreyfilþjöppur, hverfilþjöppur og lausabullþjöppur fyrir gashverfla), rellur, blásarar og annað þess háttar:	
	01 Heyblásarar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	10%
	09 Annað	35%
84.23	04 Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	10%
84.61	02 Blöndunartæki, samsett og ósamsett, og lausir hlutar til þeirra	60%
	09 Annað	35%
87.05	01 Fyrir dráttarvélar, sem teljast til nr. 87.01.11	10%
	02 Fyrir dráttarvélar, sem teljast til nr. 87.01.19 og 87.01.20	25%
	03 Fyrir sjúkra-, slökkvi- og snjóþreifðar og fyrir snjóplóga ...	15%
	04 Fyrir vörubifreiðar, fyrir bifreiðar í jeppaflokki (í nr. 87.02.37) og almenningsbifreiðar	40%
88.02	01 Flugvélar og svifflugur	0

3 gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt:

1. Að fella niður gjöld af vöru, sem send er hingað til framhaldsflutnings (transit), enda greiði hlutaðeigandi kostnað tollgæzlunnar af eftirliti með henni, geymslu hennar og flutningi og ákvæði laga nr. 47 11. júní 1960 um tollvörugæmslur eigi ekki við um framhaldsflutninginn, sbr. einkum IV. kafla laganna.
2. Að fella niður gjöld af vöru, sem hefur eyðilagzt, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við geymslu í vörzlum tollgæzlunnar eða farmflytjanda, enda sé eyðileggingin, rýrnunin eða skemmdirnar ekki viðtakanda að kenna, og vörunni sé fleygt undir tolleftirliti.
3. Að heimila — gegn fjártryggingu um endurútflutning og greiðslu tolla, ef endurútflutningur bregzt — tollfrjálsan innflutning á vörum, sem aðeins verða hér til sýningar eða flutnings um stundarsakir, og með sömu skilyrðum innflutning á vélum, tækjum og öðrum áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu um stuttan tíma.
4. Að heimila — með eða án fjártryggingar um endurútflutning og greiðslu tolla, ef endurútflutningur bregzt — tollfrjálsan innflutning um stuttan tíma á tækjum, verkfærum og öðru því líku, sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verkfræðingar, iðnaðarmenn, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota við athuganir sínar hér, rannsóknir og starfsemi.
5. Að lækka eða fella niður gjöld af vöru, sem er send hingað til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu.
6. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsis- og tolllækkunarákvæði í milliríkjasamningum.
7. Að lækka eða fella niður gjöld af heimanfylgju brúða, sem flytjast hingað frá útlöndum og hafa haft þar fasta búsetu minnst 2 ár fyrir brúðkaupið, og enn fremur af venjulegum brúðargjöfum.
8. Að lækka eða fella niður gjöld af notuðum munum, sem hafa fallið í arf erlendis.

Heimildin tekur ekki til bifreiða, bifhjóla eða báta.

9. Að lækka eða fella niður gjöld af gjöfum, sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarfyrirtæki eða aðrar stofnanir eiga að annast dreifingu á til bágstaddir eða þvílikra, svo og af notuðum munum til slíkra aðila. Enn fremur af gjöfum, sem aðilar erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, allt að 500.00 kr. virði að mati tollýfirvalds.

10. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum, er ferðamenn, sem hafa fasta búsetu erlendis og ekki reka hér atvinnufyrirtæki og ekki hafa hér heimilisfang eða eiginlega launaða atvinnu, flytja hingað til að nota hér um skamman tíma, ef þessum skilyrðum er fullnægt:
 - a. Hlutaðeigandi ferðamenn aki sjálfir ökutækjum þessum, eða launaðir öku-
menn þeirra, útlendir eða innlendir.
 - b. Ökutækin séu ekki lánuð, leigð eða notuð til neins konar flutninga fyrir
borgun.
 - c. Ferðamennirnir hafi ökutækin með sér til útlanda, þegar þeir fara þangað.
Þó verða ökutækin í öllum tilfellum að vera flutt út innan árs, frá því að
þau voru flutt hingað til lands.
 - d. Ferðamennirnir hlíti þeim nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur
um þessi ökutæki og eftirlit með þeim.

Ef framangreind skilyrði eru rofin eða forsendur fyrir hinum tollfrjálsa innflutningi falla niður að dómi toll- eða lögreglustjóra, mega þeir taka öku-
tækin þegar í stað úr umferð, og má þá tollyfirvald láta selja farartækin á opin-
beru uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum og kostnaði, eða hlutast til um
endurútflytning þeirra á kostnað innflytjanda.

11. Að endurgreiða, lækka eða fella niður gjöld eða hluta af þeim
 - a. af efnivörum í innlendar framleiðsluvörur og
 - b. af umbúðum og efnum í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur,
enda séu hinar innlendu framleiðsluvörur fluttar til útlanda til sölu þar og
hægt sé að ganga úr skugga um magn og verð efnivaranna.

Ef hentara þykir, má greiða hinum innlendu framleiðendum bætur, sem
svari sem næst til þeirra gjalda, sem greidd hafa verið af efnivörunum eða
þess hluta gjaldanna, sem rétt þykir að endurgreiða.

Til efnivara í þessum tölulið telst lýsi, sem flutt er inn til að bæta íslenskt
útflutningslýsi.

12. Að lækka gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru, ef gjöldin af sams konar
iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni, og
verðmæti efnivörunnar er verulegur þáttur í kostnaðarverði innlendu iðnaðar-
vörunnar.
13. Ef vara úr tilteknu efni er með hærra gjaldi en sams konar vara úr öðru efni,
að samræma gjöldin af vörunum. Allar slíkar ákvarðanir skulu þegar birtar í
B-deild Stjórnartíðinda.
14. Að lækka eða fella niður gjöld af umbúðum og efnivörum, sem Áburðarverk-
smiðjan h.f. flytur inn til framleiðslu sinnar.
15. Að fella niður gjöld af kirkjuklukkum og öðrum hlutum og munum, sem eru
eingöngu notaðir í kirkjum eða sérstaklega framleiddir til notkunar í þeim, enda
ekki gerðir hér á landi á viðhlítandi verði að dómi fjármálaráðuneytisins. Und-
anþáguheimildin tekur ekki til hljóðfæra.
16. Að fella niður gjöld af hylkjum utan um gas- og lofttegundir, ef hylkin eru
lánuð eða leigð hingað til lands.
17. Að fella niður gjöld af sýrum til votheysgerðar og efnum til fiturannsókna
á mjólk.
18. Að lækka gjöld af filmum til ljósprentunar til samræmis við gjöld af prent-
lettri.
19. Að fella niður gjöld af fræðslukvikmyndum og fræðandi skuggamyndum, sem
fræðslumálastjórnin flytur inn og fær frá viðurkenndum vísinda- og fræðslu-
stofnunum.
20. Að fella niður gjöld af ritum, sem Vestur-Íslendingar prenta vestanhafs og af
forn- og fræðiritum og öðrum þess háttar ritum á íslensku, þar á meðal ritum,
sem hafa menningarlegt gildi og gefin eru út í samvinnu við erlenda aðila,

21. Að lækka um allt að helming gjöld af garni úr ull, baðmull og gerviefnum til dúkagerðar.
22. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á umbúðum um vörur, sem fluttar eru úr landi.
23. Að fella niður gjöld af myndamótum, sem fréttablöðin fá erlendis frá og þau eru áskrifendur að, svo og af myndamótum, sem eru lánuð hingað til lands og endursend eru að notkun lokinni.
24. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til veiðarfæragerðar.
25. Að heimila, að gjöld af tækjum, sem send eru hingað til notkunar um stuttan tíma og endursend eru þegar að notkun lokinni, séu reiknuð af leigunni eftir tækin í stað venjulegs tollverðs.
26. Að umreikna gjöld af skýrsluvélum, sem teljast til nr. 84.52 og 84.53, til gjalda, er nemi ákveðnum hundraðshluta af leiguupphæð véla, miðað við eðlilegan endingartíma þeirra og hæfilega vexti af tollfjárhæð samkvæmt tollskrá.
Heimild þessi tekur aðeins til skýrsluvéla, sem teknar eru á leigu með að minnsta kosti 50 000 kr. ársleigu hver um sig. Fjármálaráðuneytið getur bundið undanþágu þessa hverju því skilyrði, sem henta þykir, þar á meðal ákveðið, að Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar skuli annast innheimtu tollgjalds þessa og skila andvirði þess til tollstjóra.
27. Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það getur ekki farið ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó aldrei nema meiru en 40 þús. kr.
Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem úrskurðar umsóknir um eftirgjafir aðflutningsgjalda af bifreiðum, og er ákvörðun nefndarinnar fullnaðarúrskurður um þetta efni. Skulu nefndarmenn vera læknar, og er einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu Sambands íslenskra berklasjúklinga, annar eftir tilnefningu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og sá þriðji án tilnefningar.
Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk aðflutningsgjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi.
Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara ákvæða, ef með þarf.
28. Að endurgreiða gjöld af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest. Þá er og heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum til viðgerða, breytinga og endurbóta á einstökum hlutum í skipum og bátum, eigi framkvæmdin sér stað innanlands, fari kostnaður viðgerða, breytinga og endurbóta fram úr kr. 500 000.00.
29. Að lækka í 30% gjöld af hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.
30. Að endurgreiða gjöld af hreyflum minni en 200 hestöfl, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar á sveitabæjum, sem svari því, að af vélunum sé greiddur 10% verðtollur.
Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
31. Að lækka um allt að helmingi gjöld af efni í rafmagnsspenna.
32. Að lækka um ákveðinn hundraðshluta flutningsgjald eða hluta flutningsgjalds í tollverði vöru, ef varan er flutt inn flugleiðis, þó aðeins gjald fyrir samfelldan flutning í þeirri flugvél, er vöruna flytur hingað.
33. Að ákveða, að greiða skuli 15% verðtoll af lyfjum samkvæmt sérstakri skrá, sem falla undir 13., 28. og 29. kafla tollskrárinnar, en verða ekki heimfærð

- undir tollnúmer 30.03 vegna þess, að þau eru ekki umbúin eða meðfarin á þann hátt, sem krafizt er í athugasemd 1. við 30. kafla.
34. Að lækka eða fella niður gjöld af umbúðum, sem notaðar eru við vélþökkun á kornvörum og sykri, enda séu umbúðirnar með viðeigandi áletrun.

40. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1963 og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

Lög nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Lög nr. 75 8. des. 1955, um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Lög nr. 27 29. maí 1957, um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Enn fremur 9.—11. og 22. gr. laga nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Sömuleiðis 2. töluliður 1. gr. I. kafla laga nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, svo og III. kafli sömu laga. Þá falla úr gildi 4. og 5. gr. laga nr. 90 13. des. 1962, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Eftir gildistöku laga þessara skal gjald það, sem um ræðir í 5. gr. laga nr. 68 17. ágúst 1956, um tollheimtu og tollaftirlit, sbr. 2. málsg. 4. gr. laga nr. 90 13. des. 1962, lækka í $\frac{1}{2}\%$ og greiðist af innheimtum aðflutningsgjöldum samkvæmt tollskrá.

Á sama hátt og með sama hundraðshluta skal greiða gjald það til Byggingasjóðs ríkisins, sem innheimt hefur verið sem álag á aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá, sbr. a-lið 4. töluliðs 3. málsg. 3. gr. laga nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, Byggingasjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Greiða skal á árinu 1963 af innheimtum aðflutningsgjöldum samkvæmt tollskrá til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga það, sem á kann að vanta, að hluti sjóðsins af söluskatti samkvæmt 1. tölulið 1. gr. laga nr. 10 1960, um söluskatt, og a-lið bráðabirgðaákvæðis sömu laga, nái 104 milljónum króna á árinu 1963.

Nú hefur innflytjandi, áður en lög þessi ganga í gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess, að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vörur þegar í stað, og skal þá, ef aðflutningsgjöld hækka á vörunni samkvæmt lögum þessum, taka hin eldri og lægri tollgjöld af henni, en þó því aðeins að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 6 daga frá gildistöku laganna.

Meðan endurskoðun á lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum fer fram, er fjármálaráðherra heimilt að lækka gjald af vöru samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, sbr. 1. gr. laga nr. 90 13. des. 1962, ef hann telur lækkun aðflutningsgjalda samkvæmt 1. gr. laga þessara hafa orðið þess valdandi, að varan beri eftir breytinguna of hátt framleiðslugjald miðað við aðflutningsgjald af sams konar vöru innfluttri.